

NÁMSEFNISGERÐ Í TÓNMENNT

**Greinargerð um námsefnisgerð í tónmennt á vegum
skólarannsóknardeildar menntamálaráðuneytisins og síðar
skólaþróunardeildar á árunum 1972-1985.**

Inngangur

Á árunum 1971-1972 var starfandi nefnd til að fjalla um endurskoðun námskrár, námsefni og kennslu í tónmennt í barna- og gagnfræðaskólum (1972: Endurskoðun námsefnis og kennslu í tónmennt í barna- og gagnfræðaskólum). Nefndin, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra Magnúsi Torfa Ólafssyni, fékk nafnið tónmenntanefnd og skilaði nefndarálit í árið 1972. Í henni sátu Egill Friðleifsson, Jón Hlöðver Áskelsson, Sigríður Pálmadóttir, Jón Ásgeirsson, Njáll Sigurðsson og Stefán Edelstein sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Sú samantekt sem hér er sett á blað um námsefnisgerð í tónmennt á árunum 1972-1985 byggir á fyrr nefndu nefndarálitu hvað varðar undirbúning, skipulag og vinnu við samningu námsefnis í námsgreininni tónmennt, ásamt straumum og stefnum í kennslu og tónlistaruppeldi sem þekktar voru í nágrannalöndunum á þeim tíma. Nefndir eins og hér um ræðir störfuðu í nær öllum námsgreinum grunnskólans um þetta leyti og höfðu svipuðu hlutverki að gegna. Í kjölfar nefndarálitsins voru teknar ýmsar veigamiklar breytingar á námsgreininni sjálfri, m.a. fékk námsgreinin heitið tónmennt sem var hliðstætt breytingum er urðu í öðrum námsgreinum, t.d. myndmennt, og kennarar námsgreinarinnar fengu heitið tónmenntakennarar. Eldra heiti greinarinnar, söngur, skildi aflagt, og eins og segir á bls. 7 í nefndarálitinu „þá skildi hljóðheimurinn, sköpun, hreyfing og hlustun verða viðbótarframlag við hefðbundna námsskrá í söng.“ Það er full ástæða fyrir áhugasama lesendur að kynna sér þetta nefndarálit með hliðsjón af því sem hér er sett á blað.

Skólarannsóknir voru upphaflega sjálfstæð stofnun en varð síðar skólarannsóknardeild í menntamálaráðuneytinu og síðar skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins. Á þessum vettvangi störfuðu starfshópar um námsefnisgerð fyrir allflestar námsgreinar. Árið 1972 voru settir á stofn slíkir starfshópar um tónmenntanámsefni undir stjórn Njáls Sigurðssonar. Í starfshópnum um námsefni fyrir yngri deildir grunnskólans störfuðu auk Njáls kennararnir Guðfinna Dóra Ólafsdóttir og Herdís H. Oddsdóttir sem unnu við námsefnisgerð í hlutastarfi meðfram tónmennakennslu. Starfshópurinn um námsefni fyrir eldri deildir skólans starfaði stutt og var verkefni hans lagt niður. Árið 1977 kom Pétur H. Jónsson tónmenntakennari til liðs við námsefnishópinn. Njáll Sigurðsson var ráðinn tónmenntarnámstjóri á vegum skólarannsóknardeildar, síðar skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins til að hafa yfirumsjón með námsefnisgerð og öðrum brýnum verkefnum á sviði tónmenntarfræðslu. Ýmsir aðrir aðilar en þeir sem hér hafa verið nefndir komu að verkinu, hver á sínu sérfræðisviði.

Fyrsta bókin í seríunni var gefin út árið 1974 og sjálfri námsefnisvinnunni lauk í þeirri mynd árið 1985. Undanfari hennar var fyrsta tilraunaútgáfa efnisins útgefin árið 1973 og á árunum 1971-1973 var fjölprentað efni á lausum blöðum handhægt fyrir nemendur og kennara. Námsefnið eins og það leit út í lokaútgáfu hefur verið hægt að nálgast hjá Námsgagnastofnun fram til ársins 2014, sumt af því endurskoðað með breytingum. Hlustunarefni og bækur hafa verið endurskoðaðar, endurútgefnar og endurprentaðar margoft og eintakafjöldinn fram til dagsins í dag er afar stór. Samkvæmt upplýsingum frá Námsgagnastofnun á vordögum 2013 hefur Tónmennt 1. hefti Kennslubók verið gefin út á árunum 1981-2010 í 7 prentunum í 13.500 eintökum, og vinnubók 1. hefti prentuð 18 sinnum á árunum 1981-2010 í 55.500 eintökum. Þar við bætast útgáfur/prentanir á árunum 1974-1981 í fjölmörgum eintökum. Ekki er kunnugt um að annað sambærilegt efni ætlað nemendum á grunnskólaaldri í fimm

aldursflokkum hafi reynst jafn langlíf og þetta námsefni. Fullyrða má að námsefnið hafi sett mark sitt á tónmenntanám fjö margra nemenda í skólum landsins þessi 40 ár.

Á haustdögum 2012 skrifaði undirrituð greinargerð um námsefnisvinnuna að beiðni Námsgagnastofnunar þegar kanna átti möguleika á að endurskoða hluta námsefnisins. Við þess háttar skráningu aftur í tímann er hætt á að eitt og annað gleymist eða breytist í huganum á svo löngum tíma. Félagar mínir í námsefnishópnum rifjuðu upp með mér ýmis veigamikil atriði sem færð voru inn í þá samantekt. Sú greinargerð sem hér birtist er byggð á fyrnefndri grein. Það sem hins vegar er frábrugðið hér er að textinn er ítarlegri og ætlaður stærri lesendahóp.

Tilgangurinn með þessari greinargerð er tvíþættur; annars vegar að taka saman heimild um námsefnisgerð í tónmennt sem unnin var á árunum 1971-1985, gera grein fyrir hugmyndum sem liggja að baki námsefninu, og lýsa vinnuferlinu frá hugmynd til útgáfu. Hins vegar að leggja mat á hvaða árangri þessi frumherjavinna skilaði, ekki síst í ljósi þess að nú eru horfur á að tónlistarefnið kunnir að hverfa af markaðinum. Lítið hefur birst á prenti um hvaða viðtökur efnið hefur fengið í gegnum árin, og er það miður. Vera má að einhverjum finnist óheppilegt að einn af höfundum efnisins skuli viðra skoðanir sínar og réttlæta val, nálgun og útfærslu námsefnisins, og verður þá svo að vera. Þar af leiðir að greinargerðin skoðast í heild á ábyrgð undirritaðrar. Gaman væri ef þessi samantekt yrði til þess að efla skoðanaskipti um námsefni í tónmennt fyrir og nú.

Við námsefnishöfundar erum afar ánægð með okkar verk sem hefur staðist tímans tönn í um 40 ár. Þessi ár sem við störfuðum saman voru afar ánægjuleg og gefandi, einstök samheldni ríkti milli okkar, en umfram allt virðing fyrir tónlistinni og viðfangsefninu.

Í Svíþjóð mars 2014
Herdís H. Oddsdóttir

I FRUMVINNA – SÖFNUN, GREINING OG FLOKKUN

Forsaga

Söngkennarafélag Íslands í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands stóðu fyrir námskeiðum sem tónmenntakennarar áttu kost á að sækja á árunum 1966-1984, alls 14 námskeið, sem stóðu í eina viku hið minnsta. Á þessum námskeiðum kenndu úrvals kennarar sem höfðu getið sér gott orð í heimalandi sínu og kynntu okkur strauma og stefnur í tónlistaruppeldi sem höfðu vakið athygli manna víða um heim. Tvær velþekktar stefnur í tónlistaruppeldi ber að nefna sérstaklega sem höfðu mest áhrif hér á landi, það er tónlistaruppeldi sem kennt er við C. Orff og Z. Kodály. Báðar þessar stefnur hafa fest rætur í Evrópu og víðar.

Þetta tímabil var afar gefandi fyrir starfandi tónmenntakennara í landinu og var lengi talað um að námskeiðin hefðu verkað eins og vítamín sprauta til frekari framfara í kennslu. Með þennan bakgrunn voru kennarar áhugasamir og meðvitaðir um að nú væri að skapast grundvöllur til enn fleiri landvinninga í námi og kennslu tónmenntar í skólum landsins. Fullyrða má að með þessum námskeiðum og nefndarálitinu sem getið var um í inngangi, hafi fyrsti tónninn verið sleginn, því fram að þeim tíma má segja að íslenskir kennarar hafi verið svo gott sem einyrkjar í starfi sínu víðs vegar í landinu.

Fyrstu ár námsefnisvinnunnar var frjósamur tími, hugmyndir blómstruðu og verklag einkenndist af teymisvinnu sem bar keim af tíðaranda 6. áratugarins. Endurskoðun námsefnis og námsefnisgerð á vegum Skólarannsóknardeildar í hinum ýmsu námsgreinum þjappaði fólki saman, rauf viðvarandi einangrun, og auðveldaði ákvarðanir.

Við höfundarnir þrír sem unnum að námsefni fyrir yngri deildir grunnskólans vorum „allt í öllu“, tókum sameiginlegar ákvarðanir og gengum í öll þau verk sem þurfti hverju sinni, þannig orðaði Njáll Sigurðsson vinnulag hópsins. *Styrkur teymisvinnunnar var tvímæla laust sá að órjúfanlegt samráð milli okkar réði ríkjum um stórar og smáar ákvarðanir sem mótuðu stefnuna.* Þetta skilaði loks þeim árangri að til urðu námsefnisseriesur. Sennilega var það tilviljun og einskær heppni að við höfundarnir höfðum svipaðar skoðanir og hugmyndir um verkið, og vorum alla tíð svo lánsöm að geta unnið saman án þess að skugga bæri þar á.

Þráðurinn spunninn - Yfirlitsblöð

Njáll hefur varðveitt yfirlitsblöð um efnisþætti sem innihalda fyrstu drög að tillögum um námsefni í tónmennt fyrir 1. – 8. bekk, dagsett í marsmánuði árið 1977. Efnisþættirnir eru í grófum dráttum „áætlað“ námsefni sem við unnum fyrir 8 aldursflokka. Þessi yfirlitsblöð eru til vitnis um að nær allt efni bókanna var unnið og valið á fyrstu 4-5 árum námsefnisvinnunnar fyrir 1.-8. bekk, sem var liður í því verkefni sem okkur var falið að vinna, þ.e. að gera tillögur um heilstætt námsefni fyrir alla nemendur grunnskólans. Á þessum varðveittu yfirlitsblöðum má lesa sömu efnisþætti og sjá má í bókunum í dag fyrir 1.-5. bekk með fáeinum undantekningum. Reynt var að sjá til þess að við næðum utan um mikilvægustu vörðurnar í heimi tónlistarinnar og búið þannig um hnútana að þessar fyrstu heildstæðu tillögur lægju til grundvallar að námsefni fyrir alla 8 aldursflokkan, ásamt því að finna þeim stað í námsefni hvers aldursflokks fyrir sig. Svo fór þó að lokum eftir stutt tímabil eins og segir í inngangi, að verkefni starfshópsins sem vann að námsefni fyrir þrjá elstu aldursflokkan var lagt niður og aldrei gefið út eins og til stóð.

Þegar litið er til baka, er afar slæmt til þess að vita að öllum frumgögnum, bókum, skyssum og hvers kyns heimildum sem við höfðum við námsefnisvinnuna skuli ekki hafa verið haldið til haga. Þegar eftir þeim var spurt var sagt að þeim hefði verið hent. Hugsanlega hefði slík samantekt átt erindi til fræðimanna um tónlist í einhverju öðru samhengi.

Þegar á leið breyttist vinnuformið á þann veg að hver og einn námsefnishöfundur hafði umsjón með ákveðnum þætti eða þáttum í ferlinu. Þau Guðfinna, Herdís og Njáll sáu um öflun gagna og greiningu á söngefni. Lokaákvörðun um val efnis í bækurnar höfðu Guðfinna og Herdís með höndum ásamt vinnu við kennslufræðileg atriði. Guðfinna og Herdís tilraunakenndu vísu þætti námsefnisins í kennslu sinni í tónmennt. Vinna með þjóðlega tónlist, íslenska og erlenda, var í höndum Njáls ásamt fleiri sérfræðinga á því sviði, svo og öflun, skráning og samanburður á heimildum. Njáll og Pétur skrifuðu texta um tónskáld og hljóðfæri og völdu myndefni. Njáll tók að sér að semja og raddsetja píanóleik við sönglög ætluð eldri nemendum. Vinnu við öflun, gerð og skráningu hlustunarefnis sá Pétur um ásamt vinnu við kennslufræðilegar útfærslur í vinnubækur. Heimildaöflun, prófarkarlestur, umbrot og vinnu við handrit til prentunar hafði Njáll með höndum ásamt því að hafa yfirumsjón með verkinu af hálfu námsefnishöfundanna.

Hvað höfðum við í höndunum ?

Það var sjálfgefið að hefja vinnuna á því að safna saman öllu því efni sem nærtækt var um tónlist, íslenska og erlenda tónlist, útgefna sem óútgefna, bókum og lausblaðaútgáfum, hljóðritaðri tónlist, íslenskum og erlendum kennslubókum, skólasöngvum, kórtónlist, vísnaþókum án nótna, sálmalögum, þjóðlögum, íslenskri og erlendri tónlist frá ýmsum tímum, nýjum straumum er varðaði umfjöllun og kennslu um hljóðheiminn, sköpun, hreyfingu og hlustun; í stuttu máli öllu því sem á einn eða annan hátt gat mögulega tengst tónlistariðkun eða tónlistarkennslu í landinu fyrr og nú og til framtíðar. Stór hluti þessa merkilega en sundurleyta safns var og er mikilvægt framlag eldri kynslóða til kennslu í tónlist og tónlistariðkunar.

Megintilgangurinn með fyrrgreindri samantekt var að greina (analyze) tónlist og sönglagatexta ásamt öðru prentuðu efni í þeim tilgangi að leggja mat á hvort við fyndum þar einhverja þræði sem æskilegt væri að halda til haga og flytja inn í námsefni framtíðarinnar. Greiningarvinna söngefnis fólst m. a. í því að skrá heimild laga og texta, syngja og skrá tónsvið allra sönglaganna, og greina og skrá ýmsa þætti varðandi innri gerð (frumþætti) sönglaganna, s. s. lengdargildi, púls, laglínuhendingar, tóntegund, takttegund, rytma, form, stíl o. fl. Efnið/sönglögin ásamt áður nefndri greiningu var skráð á pappírsspjöld sem látin voru í aflangan kassa merkt aldri/bekk. Spjöldunum var síðan raðað fram og til baka eftir því sem best þótti henta fyrir hvern aldursflokk, sumu hent og öðru bætt við.

Margt af því sem unnið var á þessum árum var tvímælalaust frumvinna og brautryðjendastarf hér á landi í námsefnisgerð, sérstaklega þessi viðamikla greining á íslensku og erlendu tónlistarefni sem tengist tónlistarkennslu og tónlistariðkun á einn eða annan hátt. Slík greiningarvinna þekktist að sjálfsögðu við námsefnisgerð í öðrum löndum á erlendu tónlistarefni.

Í grófum dráttum flokkaðist söngefnið þannig:

1. **Íslensk þjóðlög.** Helsta heimild okkar var ritið Íslensk þjóðlög, safn séra Bjarna Þorsteinssonar, sem er yfirgripsmikið brautryðjendaverk og tvímælalaust mikilvægasta ritið sem við eigum um söngmennt á Íslandi fyrr á tímum. Fyrir valinu urðu lög sem hafa almenn einkenni þjóðlaga.
2. **Sönglög úr ýmsum bókum ætluðum til heimasöngs og kirkjusöngs.** Hér er um að ræða sönglög, íslensk og erlend, sem alþýða manna hafði sungið árum saman og höfðu verið þungamiðja í íslenskri sönghefð árum saman. Oft höfðu þau stórt tónsvið sem hentaði betur fyrir eldri nemendur samanborið við byrjendur. Einnig fórum við yfir bækur sem voru ætlaðar til söngs en innihéldu einungis sönglagatexta, t.d. Skólasöngva 1. og 2. hefti, gefnir út af Ríkisútgáfu námsbóka. Þessi hefti þekktu námsefnishöfundar frá því þeir voru sjálfir í skóla og voru enn í notkun þegar lagt var út á kennarabrautina. Ný skólaljóð var önnur bók af þessu taki svo og ýmsar vasasöngbækur.
3. **Sönglög og kórlög.** Frumsamin sönglög með píanóleik eftir íslensk tónskáld voru oft samin sérstaklega fyrir einsöngvara sem ráða auðveldlega við stórt tónsvið. Kórlög voru í fjölrödduðum raddsetningum. Stór hluti þessa söngefnis hefur sterka hefð í þeim búningi sem þau voru samin í og hefði verið um stílbrot að ræða að taka laglínuna út úr verkinu og syngja hana í einrödduðum söng. Mörg laganna hafa sterk höfundareinkenni, oft talsvert einsleit og oft var textinn erfiður eða höfðaði ekki til barna. Það verður því hlutverk kóra og einsöngvara framtíðarinnar að halda þessari sönghefð á lofti.
4. **Kennslubækur samdar fyrir tónmenntakennslu, íslenskar og erlendar.** Meirihluti íslensku bókanna voru komnar til ára sinna og má segja að flestar hafi verið ætlaðar til söngs fyrir fullorðna. Þær nýjustu voru 50 fyrstu söngvar eftir Ingólf Guðbrandsson og Keðjusöngvar 1. og 2. hefti eftir Jón Ásgeirsson. Flestar íslensku kennslubækurnar voru því marki brenndar að höfundurinn hafði sett saman efni í einungis eina eða tvær bækur til kennslu yngri barna, og síðan ekki söguna meir, þannig að við höfðum engar heimildir í höndunum um hvað höfundur hafði hugsað sér í kennslu eldri nemenda. Má því segja að efni kennslubókanna hafi verið afar lítið og einlitt.

Tónmenntakennarafélag Íslands (áður Söngkennarafélag Íslands) hafði eignast erlendar bækur til nota í tónlistarkennslu í kjölfar námskeiða sem haldin voru í Reykjavík fyrir tónmenntakennara. Þessar bækur voru gjafir frá erlendum kennurum sem kenndu á námskeiðum fyrir félagsmenn. Bækurnar urðu hvatning til að eignast enn fleiri bækur og það var gert með því að skrifa til ýmissa forlaga í Evrópu sem gáfu út bækur til tónlistarkennslu, og falast eftir gjafaeintökum. Með þessum góða stuðningi varð til allgott safn bóka sem við höfðum til umráða. Þá höfðum við talsverða reynslu af erlendum bókum úr okkar námi, af námskeiðum og námsferðum. Þar kynntumst við m.a. stefnum í tónlistarkennslu (stundum kallaðir skólar eða kerfi) sem frumkvöðlar í tónlistaruppeldi settu fram ásamt tilheyrandi bókum (Orff, Kodály, Dalcroze), og höfðum við að sjálfsögðu þessar bækur til hliðsjónar. **Við höfundarnir vorum frá upphafi fráhverf þeirri hugmynd að innleiða einhverja slíka stefnu eða byggja námsefni einvörðungu út frá einni tiltekinni stefnu eða kerfi.**

5. **Tónlist vestur Evrópu.** Einn mikilvægur þáttur tónmenntakennslu er að gera tónlist vestur Evrópu góð skil. Þessi tónlist er menningararfur sem varð til í vestur- Evrópu á löngum tíma og er í daglegu tali kölluð „klassísk“ tónlist. Helstu stuðningsrit voru

erlendar bækur af ýmsu tagi, nótnabækur, kennslubækur, einnig uppflettirit, s. s. Sohlmans lexikon, og ekki fjarri lagi að fullyrða að við höfum lesið ritin „upp til agna“.

6. **Þjóðleg tónlist.** Annar stór þáttur var þjóðleg tónlist í Evrópu sem var að okkar mati ómissandi í námsefninu. Fyrir utan þjóðlagasafn Bjarna sem við sungum og lásum spjaldanna á milli, var leitað til sérfræðinga sem höfðu safnað og skráð þjóðlegan fróðleik. Heimildir um þjóðlega tónlist annars staðar frá í Evrópu fengum við víða að í bókum og öðrum heimildum.

Íslensk þjóðlög

Í formála að íslenskum þjóðlögum skrifaði Bjarni Þorsteinsson:

„Þegar talað er um þjóðlög einhverrar þjóðar, er með því átt bæði við þau lög, sem að öllu leyti hafa myndast hjá þjóðinni, án þess nokkur geti bent á stund eða stað, er lagið hafði myndast, og einnig þau lög, sem þjóðin hefur algerlega gert að sinni eign, með því að hafa þau lengi og iðulega um hönd og setja á þau sinn einkennilega blæ, jafnvel þótt lögin sjeu upprunalega utan að komin.“

Þó Bjarni sé hér að skrifa sérstaklega um þjóðlög má finna í þessum línunum samsvörun við val okkar á söngefni úr öllum áður nefndum flokkum. Við höfðum fyrst og fremst í huga íslensk og erlend lög, þjóðlög og alþýðulög jafnt og sönglög íslenskra tónskálda, sem áttu það sameiginlegt að hafa verið sungin á Íslandi í gegn um árin og tilheyrðu sönglagaarfi þjóðarinnar.

Á fjölmörgum námskeiðum sem haldin voru í Reykjavík um tónlistarkennslu kynntust tónmenntakennarar m.a. notkun þjóðlaga í kennslu víðsvegar í Evrópu. Ég man að ég varð dálítið undirleitt þegar ég var spurð um hvar þjóðlögin okkar Íslendinga væru. „Þau eru hjá Bjarna ...“ hugsaði ég og sá fyrir mér þjóðlagasafn Bjarna Þorsteinssonar á bókasöfnum. Vissulega var það fremur snautleg staðreynd en jafnframt lærdómsrík, að viðurkenna að alloft voru það hinir erlendu kennarar sem bentu okkur á að íslensku þjóðlögin væru einstök að gæðum, þetta hefðum við átt að vita, hafandi þau fyrir framan nefið á okkur. Vissulega þekktum við höfundarnir íslensk þjóðlög og höfðum reynt af þeim í kennslu að einhverju marki, einkum og sér í lagi höfðum við undir höndum ýmsar lausblaðaútgáfur á einu og einu þjóðlagi. *En með tilkomu þessara bóka komu íslensk þjóðlög í fyrsta skipti að einhverju marki fyrir sjónir íslenskra barna í námsgreininni tónmennt.*

Næstu skref lutu að því að lesa, syngja og greina stóran hluta efnisins í þjóðlagasafninu. Sum laganna sem við völdum í námsefnið gátu ekki kallast algeng lög hjá þorra fólks á þeim tíma, heldur miklu fremur „gleymd lög“ sem við vildum draga fram í dagsljósið og láta reyna á hvort væru gjaldgeng, og ekki síður að sannreyna sannleiksgildi þeirrar fullyrðingar að þjóðleg tónlist sé tímalaus.

Í safni Bjarna Þorsteinssonar er að finna vísu sem byrjar þannig: „Góða mamma, gefðu mér góða mjólk að drekka ...“ Að okkar mati höfðaði vísan vel til ungra barna, en ekkert lag fylgdi. Í byrjendakennslu þurfa fyrstu skrefin að vera stutt og umfram allt sett fram á einfaldan hátt, og hér sárvantaði einföld sönglög sem innihéldu fáa tóna. Á einum af fjölmörgum fundum þar sem við kynntum vinnu okkar fyrir tónlistarfólki, hafði ég í höndunum þessa vísu. Ég snéri mér til Jóns Ásgeirssonar tónskálds sem sat við hliðina á mér, rétti honum nótnapappír og spurði hvort hann gæti búið til lag við þessa vísu, hann mætti nota 3 tóna (c d e eða do re mí). „Hérna“, sagði tónskáldið eftir 1-2 mínútur og rétti mér

nótnablaðið til baka með lagi við textann. Lag og texti fóru svo í námsefnið. Eftir nokkur ár sagði Jón mér að hann hefði fengið gesti í heimsókn, og eins og alþekkt er með börn dragast þau gjarnan að píanói til að spila eitthvað lag sem þau kunna. „Heyri ég þá mér til undrunar að barnið spilaði lagið sem ég hripaði niður forðum“, sagði tónskáldið og hló, „nú er ekki lengur Gamli Nói á efnisskránni hjá börnunum, nú er það Góða mamma!“

Þess voru líka dæmi að söngtextar í safni Bjarna væru óheppilegir til notkunar í söngefni fyrir börn, og í þessum skrifuðu orðum rifjast upp ljóðlínur af þessu tagi: „Biblían er sem bögglað roð, fyrir brjósti mínu“! Lög sem að okkar mati voru góð fengu nýja texta og var þá leitað eftir hentugri vísu eða vísu undir sama bragarhætti sem gátu fallið vel að laginu. Vinnan útheimti afar mikla yfirlegu og nákvæmni við að bera saman heimildir og skrá þær sem nákvæmast s. s. vísur, lausavísur, húsgangur, barnagæla eins og sjá má hjá Bjarna. Þessi vinna hvíldi mest á herðum Njáls. Þetta atriði var afar mikilvægt þegar haft er í huga viðleitni okkar til að draga íslensk þjóðlög fram í dagsljósið. Gæta þurfti þess að forðast handahófskennt val og skoða hvernig einkenni lags og texta féllu sem best hvort að öðru

Þjóðleg tónlist

Að mörgu leyti vorum við illa undirbúin að takast á við þennan þátt, þ.e. þjóðlega tónlist, íslenska og erlenda, sem dæmi má nefna að nánast ekkert var getið um þessa tegund tónlistar í tónlistarnámi okkar. Bækur og aðrar aðgengilegar heimildir voru af skornum skammti en talsvert var fengið að láni frá Landsbókasafninu. Fyrir námsefnishöfunda, og ekki síður tónskáld framtíðarinnar, er hollt að hafa í huga að ennþá er mikið verk óunnið við að rannsaka og gefa út fleiri þjóðlög, ekki einungis úr safni Bjarna heldur fjölmargra annarra sem hafa safnað og rannsakað þjóðlegan fróðleik hér á landi. Mikill fengur væri að því að draga fram í dagsljósið lög sem ekki hafa komið fyrir sjónir almennings og setja þau í einhvers konar tónlistarþúning til flutnings. Vilji menn halda á lofti því sem íslenskt er, þá ber okkur skylda til að halda þjóðlögum á lofti. Þjóðlögin sem Bjarni Þorsteinsson gaf út um aldamótin 1900 og varðveist hafa í aldir í munnlegri geymd, skrifaði hann niður eftir fólki sem söng þau fyrir hann. Í námsefninu er að finna lög sem Bjarni skráði, þau eru auðlærð, textarnir liprir og auðskyldir; og það sem meira er um vert, þeim hefur verið afar vel tekið af nemendum á liðnum árum. Þetta hefur sannfært okkur um að þjóðlög ásamt söngtextum eru tímalaus, þau eru þjóðlegur arfur sem á erindi til barna enn þann dag í dag, og þau ber að varðveita því þau eru hluti af menningu sem fullorðnir iðka með börnum. Námsefnið var og er einn liður í þeirri viðleitni að halda til haga íslenskum tónlistararfi og sjá til þess að efnið sé aðgengilegt í útgefnu námsefni. Þannig eru betri líkur á að söngarfurinn lifi áfram í flutningi og hvers konar iðkun.

Tónlist vestur Evrópu

Stór hluti tónlistarnámsefnisins á uppruna sinn í Evrópu og víðar, enda er sú tónlist sem fest hefur rætur á Íslandi, straumar og stefnur, og hvers konar flutningur og iðkun tónlistar samofin tónlist vestur Evrópu. Fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga er hollt að finna að við erum „virk í samfélagi þjóðanna“ í tónlistariðkun. Tónlist er alheimstungumál hvort sem um er að ræða klassíska tónlist flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, óperuflutning eða popptónlist ungra listamanna sem semja tónlist til útflutnings.

Að okkar mati voru það fyrst og fremst sönglög þessarar hefðar sem við töldum að yrðu fyrstu skrefin til að kynna tónlist klassíska tímabilsins vegna þess hve eðlilegt og auðvelt það er fyrir flesta einstaklinga að syngja, og auk þess miðuðust kennslustundir við hópþingni nemenda, gagnstætt hljóðfærakennslu sem formast fremur af einstaklingsþingni. Söngtónlist þessa

tímabils er vel þekkt hér á landi og hafa þýddir söngtextar fest sig rækilega í sessi á liðnum árum.

Eins og gefur að skilja var nauðsynlegt að þýða texta erlendu sönglaganna yfir á íslensku. Við lögðum sérstaka áherslu á að fyrst skildi erlendi textinn þýddur efnislega yfir á íslensku af einstaklingi sem hafði þekkingu á frummálinu, síðan var leitað til íslenskra skálda og/eða hagrörðinga til að semja texta í bundnu máli á íslensku með hliðsjón af erlenda textanum og viðkomandi sönglagi. Þá er ekki síður mikilvægt að hafa í huga að erlent söngefni, frumsamið eða þjóðlegt efni sem ekki hafði birst áður í nótnabókum hérlendis, útheimti píanó undirleik. Oft björguðu kennarar sér með frumsömdum raddsetningum „til heimabruks“ því ekki var sjálfgefið að kennarar hefðu sérfræði þekkingu í hljómfraði til að gera þessum þætti góð skil. Í Tónmennt 5. hefti er að finna slíkar raddsetningar.

En eins og flestir vita er þessi hefð mjög yfirgripsmikil og ómögulegt að gera henni skil nema að litlu leyti. Fyrir valinu urðu því ákveðin tímabil, tónlist valin út frá stíl, æviágrip nokkurra tónskálda skrifuð, tónlist/tónðæmi viðkomandi tónskálda valin til að leika fyrir nemendur í kennslu og skrifaðir textar af ýmsu tagi sem hentuðu nemendum. Í námsefnisgerðinni var áhersla lögð á að vanda vinnu við að skrifa texta í kennslubók og vinnubók svo að hann höfðaði til barna án þess að rýra viðfangsefnið. Myndefni af ýmsu tagi var valið eins og sjá má í bókunum.

Lítið og fátæklegt efni til kennslu

Að mörgu leyti var útgáfa bókanna svar við vanrækslu genginna kynslóða. Í dag er erfitt að skilja hvers vegna það var látið viðgangast í marga áratugi, að í námsgreininni „Söngur“ í barnaskólum landsins voru lengi vel engar nótnakennslubækur ætlaðar nemendum, heldur var látið nægja að nota bækurnar Skólasöngvar, 1. og 2. hefti sem innihalda einungis söngtexta. Má það kallast fáheyrt metnaðarleysi af ráðamönnum, sem bæði samþykktu námsgreinina í námskrá og töldu hana fullgilda öðrum námsgreinum í skólakerfinu, að ekki skildi tekið tillit til þeirrar augljósu staðreyndar að iðkun sönglaga er flutningur á tónlist, en ekki einungis flutningur á texta. Bækur fyrir nemendur í tónlistarkennslu eiga af þeirri augljósu ástæðu að innihalda skrifaðar nótur. Það var ekki fyrr en á 6. áratugnum að fyrstu kennslubækurnar með nótum, ætlaðar ungum börnum, voru gefnar út af þeim Ingólfur Guðbrandssyni og Jóni Ásgeirssyni.

II VAL Á NÁMSEFNISÞÁTTUM, MÓTUN OG UPPBYGGING

NÁMSEFNIS

Nótnalestur - hvar á að byrja ?

Eitt af því sem vafðist fyrir tónlistarkennurum í mörg ár og var lengi uppspretta skoðanaskipta, var að höfundar kennslubóka höfðu ólíkar skoðanir á hvaða aðferð ætti að nota í tónmenntakennslu m. t. t. nótnalesturs. Sumir aðhylltust hið svokallaða „fasta nótnakerfi“ sem notað er í hljóðfærakennslu (nótnanöfnin a,b,c skrifuð í nótnaskrift), aðrir vildu tonica-do kerfið (do re mí) sem notað hefur verið lengi við söng- og tónlistarkennslu í Evrópu og víðar.

Við völdum „tonica-do“ kerfið (aðferðina) með þeim rökum að söngroddin væri „hljóðfærið“ sem stæði okkur til boða í tónmenntakennslu. Kerfið er eins og að framan greinir, alþekkt aðferð víða um heim til að kenna nótnalestur og þjálfu tónheyrn nemenda í tónmennta- og tónlistarkennslu. Löng hefð er fyrir því að nota tonica-do kerfið í tónlistarskólum og tónlistarháskólum víða um heim. Í námsefninu sem við völdum eru lög (eða einstakir hlutar sönglags) skrifuð í nótnaskrift, (hinu alþjóðlega kerfi sem notað er um allan heim við ritun tónlistar í söng- og hljóðfæraleik), og gegnum þjálfun læra nemendur að syngja lagið á söngheitum (do re mí). Minnug þess að nemendur sem eru í hljóðfæranámi í tónlistarskólum beita þessum kerfum jöfnum höndum í sínu námi, tonica-do og fasta nótnakerfinu, þá væru góðar líkur á því að kerfin gætu auðgað hvort annað í tónmenntakennslunni. Svo má minna á að nemendur tónlistarskólanna eru einnig nemendur í tónmennt í grunnskóla og fá þar af leiðandi góða þjálfun og reynslu af báðum þessum kerfunum.

Þegar sambærilegt kennsluefni frá nágrannalöndunum var skoðað mátti sjá að námsefnishöfundar höfðu ólíkar hugmyndir um val á námsefni. Mjög oft voru bækur samdar út frá ákveðinni aðferð eða stefnu. Aðrar voru samdar af einum höfundi sem frumsamdi eða raddsetti lög í tugatali sem báru sterk höfundaeinkenni, sem gætu orðið leiðigjörn til lengdar að okkar mati. Stærstur hluti erlendu bókanna var einungis saminn til byrjendakennslu þar sem hugmyndir um fyrstu skrefin voru oft nýstárlegar, en hvernig þau skref leiddu til náms og kennslu þegar byrjendurnir yrðu eldri fylgdi ekki sögunni. Sumt af því orkaði tvímælis út frá „Stafrófi tónfræðinnar“ eins og að skrifa lög á þremur nótna línunum í staðinn fyrir á venjulegum fimm línunum nótnastreng, því ekki var ljóst hvaða línur var átt við. Voru nótur á 1. línu e' g' eða h' ? Og hvar átti að setja g-lykilinn? Sumir höfundar skrifuðu ekki nokkurn lykil, og var þá eins og rifjaðist upp það sem höfundur „Stafrófsins“ hélt fram í eina tíð, að nótur án lykils væru engar nótur (Jón Þórarinnsson:1962).

Enn aðrar bækur voru safnverk eins og þetta námsefni okkar má kallast, og því vöknudú ýmsar spurningar við söfnun og mótun námsefnisins: Hvernig var hægt að forðast að námsefnið sem okkur var falið að vinna, yrði ósamstætt eða „sitt lítið af hverju“? Reynsla okkar af kennslu kenndi okkur að ekki yrði undan því vikist að velja efni sem myndaði heild og samhengi, frá víðtækum þáttum til smærri eininga, frá hinu einfalda til flóknari atriða, bæði innan hverrar bókar og milli bókanna.

„Fallandi þríund eða grunntónn í dúr og moll ?“

Einn mjög veigamikill þáttur kom í ljós í kjölfar greiningarvinnunnar. Hjá fjölmörgum þjóðum í Evrópu höfðu þjóðlög sterk einkenni svokallaðrar „fallandi þríundar“. Lögin byrjuðu oft á lítilli þríund (kall þríund so-mí), skrifuð í pentatónískum tónstiga eða 5 tóna

tónstiga, og einkenndust af svífandi laglínu þar sem þriundin var miðpunktur laglínunnar, gjarnan endurtekin. Þessi evrópsku þjóðlög voru algeng sönglög í tónmenntakennslu í mörg ár á Íslandi eins og sjá má í kennslubókinni 50 fyrstu söngvar sem Ingólfur Guðbrandsson gaf út.

Eftir að hafa farið í gegnum söngefni í áður nefndum sex flokkum sönglaga, var niðurstaðan sú að lög sem kalla mátti algeng lög á Íslandi, höfðu *ekki* einkenni og byggingu fallandi þriundar, heldur var miðpunktur laglínunnar *grunntónninn í dúr eða moll*. Mig minnir að einungis eitt þjóðlag í safni Bjarna hefði mátt með góðum vilja skilgreina af sama meiði og evrópsku sönglög. Með því að yfirgnæfandi meirihluti sönglaganna í áður nefndum flokkum höfðu sterk einkenni dúr eða molltöntegundar en lög með svífandi þriund hverfandi, *urðu kaflaskil í námsefnisvinnunni*, og tekin afdrifarík ákvörðun. *Við val á sönglögum væri eðlilegast að í kennslubækur veldust lög sem hefðu grunntón laglínu í dúr eða moll, og á sama máta yrðu þau einnig þungamiðjan í kennslu, m. t. t. lesturs/söngs og ritunar í námsefni*. Þessi einkenni voru, eins og áður segir, innbyggð í sönglög *sem höfðu verið iðkuð lengi hér á landi og tilheyrðu íslenskun sönglagaarfi*, íslensk sem erlend, gagnstætt sönglögum sem finna má í evrópskri þjóðlaga- og sönglagahefð og hafa fest rætur í tónlistarmenningu mið Evrópu.

Tónsvið

Undirbúnings- og greiningarvinnan stuðlaði einnig að því að val sönglaga í kennslubækur mótaðist talsvert af tónsviði laganna. Fyrst voru valin sönglög sem innihéldu fáa tóna, byrjað var á do (grunntóni í dúr) og síðan bættust við fleiri tónar koll af kalli þar til 8 und var náð, síðan lög í moll með grunntóninn la, og lög með enn stærra tónsviði er að finna í kennslubók 5. hefti og í drögum að 6. hefti. Lögin sem urðu fyrir valinu komu úr öllum 6 flokkunum sem getið var um hér að framan.

Söngefni

Lögð var áhersla á að vanda valið á sönglögum og tónlistarefni, en tónlistin varð að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Sönglög ásamt söngtexta urðu að geta uppfyllt *kröfur um gæði*. Við treystum okkur til að leggja mat á hvað væri góð tónlist og hvaða tónlist væri síðri. Stór hluti efnisins sem fór um hendur okkar í greiningarvinnunni uppfyllti ekki kröfur okkar um gæði. Í dag þætti þetta óvenju mikil kokhreysti að vera þess umkomin að kveða upp dóm um gæði tónlistar, ekki síst í ljósi þess að forsvarsmenn heimstónlistar (popptónlistar) eru afar viðkvæmir fyrir gagnrýni og verjast af mikilli hörku gegn mati á gæðum, en gefa sjálfir út á magn tónlistar í of miklum mæli. Þessi hugsun hefur orðið til þess að í vissum hópum í samfélaginu forðast menn algjörlega að leggja mat á gæði og segja þess í stað að öll tónlist sé jafngóð; slíkt heyrst jafnvel í röðum klassískt menntaðra tónlistarmanna sem vilja ekki stíga á viðkvæmar tær poppgöðanna. Ekki tekur betra við þegar sagt er að auðvitað sé ýmislegt gott í „poppinu“ líka. Skilgreining af þessu tagi gerir það að verkum að umræða og rök um gæði tónlistar verður kröfulaus, máttlaus og bitlaus.
2. Sönglöggin urðu að vera *hæf að uppbyggingu* til að þjálfa nótnalestur, söng á söngheitum, tilfinningu fyrir þúlsu og rytma, innihalda laghæfar hendingar til að leggja áherslu á „músíkalskan“ söng, auðvelda fyrstu tilraunir nemenda til nótnaritunar, innihalda einfaldar gerðir af formi, innihalda helstu stíltegundir tónlistar, henta vel til skapandi hljóðfæraleiks á skólahljóðfæri, geta tengst hlustunarefni, verið hvati að einföldum verkefnum í að skapa tónlist o.s.frv. Með öðrum orðum, tónlist og

frumþættir skildu haldast í hendur. Væru þessir þættir til staðar í ríkum mæli mátti ætla að um væri að ræða góða tónlist.

Með þessi „verkfæri“ í höndunum var val á söng- og tónlistarefni markvisst og um leið mikilvægasti prófsteinninn á hversu vel námsefnið reyndist og hversu endingargott það hefur reynst.

Efnistöð og námsefnisþættir

Í daglegu tali er oft spurt um hvað sé gert í tónmennt og er þá átt við hvert sé innihald kennslu og hvaða **efnistök** liggja til grundvallar í kennslustund. Efnistökin flokkuðum við í **námsefnisþætti** sem urðu burðarstoðir í námsefninu. Námsefnisþættirnir eru þessir:

Nýtt lag og texti; þekkt lög; laghrynur og lengdargildi; tónhæð og laglínustefna; söngheiti; verkefni í vinnubók; hlustun og hljóðheimur; hljóðfærakynningar; hreyfing og leikir; hljóðfæraleikur; sköpun.

Yfirlitsblöð og kennsluleiðbeiningar

Námsefnisþættirnir sem komu við sögu í hverri kennslustund gátu verið fleiri eða færri og sumir þáttanna fyrirferðameiri en aðrir. Einn liður í viðleitni okkar til að stuðla að markvissri kennslu var að skrá námsefnisþættina á svokölluð **yfirlitsblöð**. Í fyrstu var skráningin gerð fyrir okkur sjálf, námsefnishöfundana, til að standa við markmið okkar um að setja saman heilstætt námsefni. En þegar fram liðu stundir sáum við að yfirlitsblöðin gátu einnig átt erindi til tónmenntakennara þar sem þau gátu á einfaldan hátt útskýrt hugsunina og ferlið sem bjó að baki uppbyggingu námsefnisins. Yfirlitsblöðin má lesa eins og krossgátu, lágrétt og lóðrétt. Þar sést *hvaða* atriði skuli kynnt, þjálfuð eða endurtekin (lesið lágrétt), *hvernig* lagt var til að nota viðkomandi námsefnisþátt í kennslustund, og *hve oft* þau voru tekin fyrir innan hvers þáttar í kennslustundum (lesið lóðrétt). Gert var ráð fyrir að vægi námsefnisþáttanna gæti verið mismikið. Með yfirlitsblöðunum gat kennari m. a. auðveldlega lagt mat á hvort æskilegt jafnvægi væri milli námsefnisþáttanna í kennslu.

Mikil vinna var lögð í að skrá mögulega notkun námsefnisþáttanna til að kennslan yrði markviss og þar með urðu yfirlitsblöðin uppistaðan í **kennsluleiðbeiningum**. Í upphafi vinnunnar gerðum við ekki ráð fyrir að semja neinar kennsluleiðbeiningar, en við urðum fyrir áhrifum frá öðrum námsgreinum sem sýndu fram á nauðsyn þeirra. Hlutverk kennsluleiðbeininga var og er að sjálfsögðu að leiðbeina um hvernig *hægt er að kenna* en ekki fyrir mæli um hvernig *á að kenna*. Kennarar gátu valið að nota þær til hlítar, að hluta til, eða sleppa þeim alveg og skipuleggja kennslu sína á annan máta.

Frumþættir

Á yfirlitsblöðunum mátti lesa að val á sönglagi tók mið af uppbyggingu þess eins og fyrr segir, og uppbygging lagsins eða byggingarsteinarnir sem lagið er gert úr, áður nefndir **frumþættir**, voru undirþættir í öllum námsefnisþáttunum sem getið var um að framan. Þessi greiningarvinna, frá heild til smærri eininga, var einnig nýjung í vinnu við námsefnisgerð hér á landi. Gert var ráð fyrir að sönglög væru kennd eftir heyrn eða eftir nótnaskrift, sem stuðlaði að því markmiði að nemendur lærðu að lesa og syngja eftir nótum. Yfirlitið sýndi einnig að virkni nemenda fólst í því að flytja tónlist (syngja, leika á skólahljóðfæri), greina tónlist (að þekkja hugtök) og skapa tónlist (að semja stef, undirleiksþrástef, smærri tónsmíðar).

Það var síðan hlutverk kennarans að vinna markvisst með frumþættina, t.d. með því að leggja áherslu á að nemendur þekktu hugtökin út frá sjónarmiði tónfræðinnar, eða þá, eins og við hefðum helst kosið, að tónfræðileg sérheiti, tákni og hugtök, ættu greiða leið til skilnings þegar

þeim er beitt í söngiðkun eða hljóðfæraleik, eða við sköpun eigin „tónverka“ í þeim tilgangi að flytja tónlistina „músíkalskt“, eða á „á listrænu plani“. Segja má að þessi aðferð hafi rutt braut að nýrri skapandi nálgun í kennslu.

III. NÁMSEFNI VERÐUR TIL

Sérfræðingar

Auk okkar fjögurra námsefnishöfundanna komu fjölmargir *sérfræðingar* að verkinu. Þýðendur, rithöfundar, skáld og hagræðingar sömdu og þýddu söngtexta eins og áður var nefnt. Þegar textar höfðu verið skrifaðir um hljóðfæri, tónskáld eða tímabil í tónlistarsögunni var unnið við að velja og hljóðrita tónlist við hæfi. Leitað var til hljóðfæraleikara sem léku ýmis stef eða lög og gerðar voru upptökur með aðstoð tæknimanna á RÚV. Þá má einnig nefna vinnu við myndskreytingar og teikningar. Í fyrstu var nótnaskrift á tilraunanámsefni afar viðvaningslega unnin og fjölrítuð, en smám saman tóku betri skrifarar við þar til tölvur gátu meðhöndlað og skrifað nótur eins og best verður á kosið.

Form námsefnis

Sú vinna sem hér hefur verið greint frá í **I. kafla FRUMVINNA – söfnun, greining og flokkun**, og í **II. kafla Val á námsefnisþáttum, mótun og uppbygging námsefnis**, markaði tímamót í námsefnisgerð fyrir tónmenntakennslu á Íslandi. Vinnan skilaði þeim árangri að fyrst varð til frumútgáfa að hverri bók sem var síðan endurskoðuð og endurútfærin eftir nokkurt þróunartímabil sem innihélt námsefni hvers aldursflokks/bekkjjar fyrir sig. Þessar tvær útgáfur kölluðum við *tilraunaútgáfur*. Þær voru gefnar út tvisvar sinnum og þar á eftir kom út námsefni í *lokaútgáfu*:

tilraunaútgáfa (frumútgáfa), endurskoðuð,
tilraunaútgáfa, endurskoðuð,
lokaútgáfa

Form **lokaútgáfunnar** var alls 5 einingar:

kennslubók
vinnubók
söngvasafn
kennsluleiðbeiningar
hlustunarefni

Þetta form lokaútgáfunnar, 5 eininga „sería“, var unnin fyrir þáverandi 1., 2., og 3. bekk eða Tónmennt I, II og III. Þá voru samdar **tilraunaútgáfur** í greininni fyrir þáverandi 4. og 5. bekk sem ekki reyndist unnt að endurskoðaða, svo og drög að 6. hefti. Gerðar hafa verið lagfæringar og breytingar á námsefninu á síðustu árum en heildarendurskoðun hefur ekki verið gerð. Alls urðu þetta tæplega 50 einingar, bækur og hlustunarefni, sem gefnar voru út.

Mikil áhersla var lögð á skyldleika milli eininganna fimm í lokaútgáfunni fyrir hvern aldursflokk. Kennslubók er eins og orðið bendir til, undirstaðan fyrir kennslu þar sem námsefnisþættirnir koma við sögu í flutningi, greiningu og sköpun tónlistar. Kennslubók og vinnubók skildu af þessum sökum haldast í hendur. Námsefnisþátturinn hlustun skildi á sama máta vera samþættur efni bókanna eins og frekast var unnt. Kennslubók og söngvasafn voru ólíkar að því leyti að innihald söngvasafns var stærra og víðfeðmara eða eins konar regnhlíf yfir kennslubókinni sem var bæði minni að vöxtum og þrengri að innihaldi. Skyldleikinn milli þessara tveggja bóka fólst í því að í kennslubók var að finna fjölmargar hugmyndir sem kölluðust á við efni söngvasafns bókanna, ekki eingöngu varðandi frumþættina, heldur einnig möguleika á hvers konar þemavinnu. Við sáum fyrir okkur að með samspili kennslubókar og söngvasafns skapaðist vettvangur fyrir hugmyndaríka kennara að byggja upp einingar í kennslu á sínum eigin forsendum.

Námsefnið myndar heildstæða seríu eða „keðju“ eins og bækurnar og hlustunarefnið eru til vitnis um. Efnið er í heild sinni samþætt og mögulegt samhengi og langtímaáætlun má sjá frá fyrstu bók til þeirrar síðustu. Að okkar mati stuðlaði þetta að betri skilningi um hvernig mögulega skuli unnið með viðfangsefnið tónlist í grunnskólum landsins. Ætli það sé ekki leitun að heilstæðara efni í tónlistarefni fyrir börn á skólaaldri en einmitt þetta?

Námsefni við hæfi – kennslufræðileg nálgun

Hvaða tónlist skal velja fyrir börn? Er til sérstök tónlist fyrir börn? Tónskáld hafa vissulega samið tónlist sem var sérstaklega ætluð börnum (t.d. Pétur og úlfurinn e. Prokofieff, leikhústónlist s. s. Kardimommubærinn), en meiri hluti tónlistar verður þó aldrei með neinni skynsemi flokkuð annað hvort við hæfi fullorðinna eða barna. Þetta á líka við um aðrar listgreinar. Í bókmenntum má finna sérskrifaðar barnabækur þó þær útiloki ekki að börn lesi aðrar bækur. Tónlist þarf vissulega að höfða til barna og vekja áhuga, vera hæfilega einföld í byrjun, en þegar fram í sækir þarf hún að reyna á skilning og einbeitingu í flóknara formi. Vitað er að börn geta tileinkað sér flóknustu atriði í tónlist sé þeim bent á þau, og forðast ber að vanmeta hæfni þeirra til að tileinka sér tónlist.

Við val og útfærslu námsefnisins var lögð áhersla á hina kennslufræðilegu nálgun í hvívetna og reynt eftir megni að setja sig inn í þá kúnt að skilja hvernig börn læra. Hér skal sérstaklega bent á að fjölmargt sem flokkast undir kennslufræðilega nálgun má lesa í kennsluleiðbeiningunum, t.d. atriðum sem snúa að undirbúningi og þjálfun með púls, rytma og laglínu. Þar er gert ráð fyrir að unnið sé með ýmsa grunnþætti í kennslu áður en hugtökin eru kynnt eða nefnd á nafn við nemendur, og var gert ráð fyrir að þessi þjálfunarþáttur, sem við kölluðum *undirbúningsþjálfun*, yrði talsvert fyrirferðamikill í kennslu efnisins. Hér duga skriflegar útskýringar skammt og vísast fyrst og fremst til kennsluleiðbeininga ásamt kennslu á vettvangi fyrir þá sem vilja vita nákvæmlega hvað átt er við, en sá þáttur fellur utan við afmörkuð efnistöð þessarar greinar.

Tilraunakennsla og próf

Látið var á það reyna hvort hugmyndir sem urðu til við skrifborðið væru raunhæfar með því að prófa einstakar nýjungar í kennslu og sjá hvaða viðtökur þær fengju hjá nemendum, áður en ákvarðanir yrðu teknar um að birta þær á prenti í lokaútgáfu. Þegar fram í sótti var starfandi tónmenntakennurum víða á landinu boðið að prófa þetta námsefni í kennslu með nemendum sínum. Fyrstu bækurnar, svokallað tilraunanámsefni, var kennt víða á landinu og sátu námsefnishöfundar allmarga fundi með kennurum fyrstu árin til að geta betur glöggvað sig á hvaða viðtökur þetta nýja námsefni fékk. Einnig voru haldin fjölmörg námskeið fyrir ýmsa aðra áhugasama kennara í grunnskólum landsins sem vildu kynna sér námsefnið. Í

nokkur ár voru samin próf í greininni til að kanna hvaða árangri kennslan skilaði miðað við sett markmið, og mæltust þau vel fyrir. Á þessum árum tilraunakennslunnar var einnig gerð tilraun með aukið tímamagn til tónmenntakennslu, frá einni kennslustund (40 mín.) í tvær (2x40 mín.) vikulega, og er óhætt að fullyrða að með þessari tímaaukningu hafi námsgreinin tónmennt sannað tilverurétt sinn.

Aðrar námsgreinar

Okkur til mikillar ánægju hefur komið í ljós að ýmsir námsefnishöfundar, t. d. íslenskukennarar, hafa sóst eftir að birta sönglagatexta í lestrarbókum fyrir yngri börn, þ. e. texta sem fyrst komu út á prenti í tónmenntabókunum. Þá hafa allmörg sönglög í námsefninu öðlast sess í söngarfi barna á yngri skólastigum. Kennarar tónlistarskólanna hafa einnig gert sér grein fyrir hversu mikill fengur er að því að sönglöggin verði hluti námsefnis til kennslu í hljóðfæraleik, eins og sjá má í kennslubókum síðari ára t.d. í píanóleik og fiðluleik.

IV FJÖRUTÍU ÁRA NÁMSEFNI Á KROSSGÖTUM

Gagnrýni og sjálfsgagnrýni

Ekki er líklegt að nokkrum námsefnishöfundi takist að semja svo öllum líki. Á sama máta verða engar framfarir í námsefnisgerð án þess að viðkomandi þori að taka áhættu, læri að hemja sjálfsgagnrýni og láti ekki kvíða og ákvarðanarfærni draga úr sér máttinn. Stefnan sem við tókum var heldur ekki sjálfgefin í byrjun. Við söfnun og greiningu sást hvaða möguleikar buðust, en *hvað átti að velja?* Vinnuferlið var engin sigurganga því meðan á vinnunni stóð vöknudu efasemdir um hvort við værum á réttri leið, og sú sjálfsgagnrýni var viðloðandi allan tímann. Þrátt fyrir jákvæða endurgjöf frá kennurum um að efnið höfðaði til nemenda læddist að okkur sá grunur að ánægjan væri ekki eingöngu þessu ákveðna námsefni að þakka, heldur því að hafa yfir höfuð eitthvað námsefni í höndunum miðað við allsleysið þar á undan. Ef hins vegar hefði komið í ljós að námsefnið höfðaði alls ekki til barna eða hefði reynst óhentugt að mati kennara, þá hefðum við haft verulegar áhyggjur.

Við vorum óánægð með að námsefniseiningar hvers aldursflokks fyrir sig komu ekki út samtímis frá útgefanda, heldur sitt á hvað, kennslubók var tilbúin til notkunar meðan kennsluleiðbeiningar eða hlustunarefni seríunnar komu allöngu síðar. Þetta var afar bagalegt fyrir kennara en orsakaðist af töfum í útgáfu ferlinu sem við höfðum engin tök á að hafa áhrif á.

Við fengum að sjálfsögðu gagnrýni fyrir verkið eins og við var að búast. Ein helsta óánægju röðin í röðum tónlistarkennara var að við hefðum átt að vinna alfarið út frá hljóðheiminum, efla skapandi kennsluáferðir og stuðla að því að nemendur semdu sína eigin tónlist. Hugmyndin miðaði við fámennan hóp nemenda hverju sinni og söngiðkun skildi vera á verksviði bekkjarkennarans. Nokkru seinna gaf þessi kennari út námsefni sem uppfyllti áður nefnd skilyrði, og má segja að það hafi verið rökrétt framhald á gagnrýni hans að koma sínum hugmyndum á framfæri til tónmenntakennara í formi nýs námsefnis með annarri nálgun en hér um ræðir. Auk þess kom þetta viðhorf of seint til að hafa áhrif á námsefnisgerðina sem var á þeim tíma að mestu lokið, efnið útgefið og í notkun víða um land. Einnig skal haft í huga að nefndarálitíð frá 1972 var unnið „að bestu manna yfirsýn“, og gaf tóninn um hvert skildi stefnt í námsefnisgerð. Það var sjálfgefið að við tækjum mið af því.

Gagnrýnt var að greinin tónmennt væri kennd ungum nemendum en ætti fremur að fara fram á unglíngastíginu. Ekki vitum við með hvaða rökum þessi skoðun var sett fram. Enn aðrir höfðu nákvæmum og stýrandi kennsluleiðbeiningum, en ekki leið á löngu þar til kennarar köstuðu af sér þeirri spennitreyju og hönnuðu sjálfir kennsluleiðbeiningar á sínum eigin forsendum. Þar með sannaðist sú skoðun okkar að á þessum landamærum námsefnis og kennslu væri best að kennarar réðu ferðinni.

„Gamaldags efni“ hefur einnig verið sagt um námsefnið. Það er rétt að útlit bókanna mætti kalla gamaldags, uppsetning og framsetning efnisins mætti sömuleiðis fá „andlitslyftingu“ eftir margra ára úthald. Ef til vill má finna gamaldags söngtexta sem segja frá horfnum veruleika, ellegar ljóð og kvæði sem þarfnast útskýringa sem mætti rekja til þess að tungumálið hefur breyst. Textar af þessu tagi eru fáir og alls ekki nógu margir til að hægt sé að staðhæfa að námsefnið sé í heild gamaldags. Í námsefninu er að finna þjóðlegt efni eins og áður segir, sem þykir jafn sjálfsagt í námsefni íslenskra barna í dag og íslenskar þjóðsögur. Að nota orðasambandið „gamaldags efni“ og heimfæra það á tónlist er gagnslaust. Ekki fremur en að karpa um hvort tónlist Beethovens sé gamaldags eða ekki.

Námsefnigerð fyrr og nú

Strax á fyrstu árum námsefnisvinnunnar varð ljóst að erfitt myndi reynast að fá starfsfólk til að taka upp þráðinn og semja námsefni fyrir þrjá elstu aldursflokkana. Ástæðurnar voru eflaust margar. Menntun tónmenntakennara var undir smásjá í allmörg ár án þess að það leiddi til jákvæðra breytinga á viðvarandi kennaraskorti og engum Grettistöfum var lyft sem leiddi til þess að kennurum fjölgaði í elstu aldursflokkum grunnskólanna. Í kennaranámi tónmenntakennara voru hefðbundnar tónlistargreinar í öndvegi, smám saman bættust við uppeldis- og kennslufræðigreinar, og til að geta kallað námið réttu nafni var kallað eftir stundakennurum úr röðum tónmenntakennara við og við til að segja kennaranemum frá „veruleikanum þarna úti í skólunum“. Síðan varð hver og einn tónmenntakennari að bjarga sér sem best hann kunnir við alls konar aðstæður í kennslu. Og ekki bætti úr skák mikil vöntun á námsefni. Auk þess má benda á að skólaumhverfið þar sem námsgreinin tónmennt er kennd, lýtur lögmálum bóklegra námsgreina hvað varðar fyrirkomulag, lengd kennslustunda og hópstærð. Greinin hefur því átt erfitt uppdráttar í skólum landsins, brottfall kennara í greininni hefur verið mikið og oft hafa einungis þeir allra hörðustu haldið út á þeirri erfiðu braut.

Til námsefnisgerðar var horft til þeirra einstaklinga sem höfðu tónlistarmenntun auk starfsreynslu í skólum landsins. Það reyndist erfitt að fá slíka kennara til námsefnisvinnu, því á fyrstu árum námsefnisgerðar bauðst einungis vinna í hlutastarfi, og þeir sem það páðu urðu um leið að setta sig við skert stöðuhlutfall í tónmenntakennslu til að ná heilli stöðu. Enn aðrir treystu sér ekki til að kenna nemendum í efri bekkjum grunnskólans þar sem námsefni vantaði sárlega, og erfitt var að fá kennara til að semja námsefni í efri bekkjum grunnskólans þar sem þeir höfðu enga reynslu af að kenna á þessu skólastigi. Vítahringur af þessu tagi hefur verið hluti af menntapólitískum veruleika á Íslandi þar sem fjármagn er skorið við nögl og áætlanir verða ekki að veruleika þrátt fyrir mikinn metnað og góðan vilja. Í mörg ár dróst útgáfa á námsefninu verulega, þar af leiðandi hægði mikið á samningu efnisins og áætlanir stóðust engan veginn, enda fjárskortur vegna niðurskurðar viðvarandi í mörg ár. Verst bitnaði þetta á tónmenntakennurum sem kvörtuðu sáran og bentu á alvarlegan skort á námsgögnum.

Við þessar aðstæður minnkaði verulega verkgleði okkar höfundanna, markmiðið fjarlægðist, skrefin sem höfðu verið tekin voru of fá á of löngum tíma og von um betri framtíð fyrir greinina minnkaði. Þegar vinnu okkar höfunda lauk við námsefnisgerðina og efnið loksins

útgefið, hurfum við til annarra starfa á öðrum vettvangi. Eftir það lágu örlög efnisins að mestu leyti í höndum starfandi tónmenntakennara, svo og útgefanda efnisins, Námsgagnastofnunar.

Þegar námsefnisvinnunni lauk trúðum við því og treystum í mestu einlægni að endurskoðun væri einungis „handan við hornið“ og með henni kæmu ferskir vindar. Tveir kostir voru í stöðunni: haldið yrði áfram með hugmyndina um „seríuna“, efnið grisjað, ýmsu bætt við og öðru hent út með það í huga að varðveita „klassískan“ kjarna efnisins sem vert væri að gefa út áfram. Í námsefnisgerð á hverjum tíma þarf að gefa gaum að nýjum straumum í tónlist sem fest hafa rætur meðal landsmanna. Með árunum vex tónlistararfur þjóðarinnar og *hann þarf að eiga greiða leið til nemenda á skólaaldri í námsefni framtíðarinnar*. Enn fremur er það skylda allra þeirra sem koma að námsefnisgerð framtíðarinnar að sjá til þess að íslensk þjóðlög verði aðgengileg og þeim skapaður vettvangur fyrir hvers konar iðkun og flutning í tónmenntakennslu, *því vandséð er hvort eða hvernig það verður gert á einhverjum öðrum vettvangi innan skólakerfisins*. Hinn möguleikinn var að sjálfsögðu sá, að efninu yrði hafnað með öllu og nýtt efni samið.

Með nefndarálitinu frá 1972 vonuðust menn til að sú vinna markaði upphafið að áframhaldandi vinnu, og leit nefndin svo á að álitsgerðin væri fyrst og fremst undirbúningsstarf en mikið verk væri þó óunnið, eins og lesa má um í framkvæmdaáætlun í 13.kafli og víðar. Því miður hafa hvorki álitsgerðin né námsefnið fram til þessa öðlast framhaldslíf í nýjum búningi með nýju fólki eins og vonir manna stóðu til.

Í dag, 40 árum eftir að fyrsta bókin í seríunni var gefin út, er mér efst í huga þetta: Með nefndarálitinu 1972 skapaðist samstaða meðal allmargra tónlistarmanna í landinu um að *unnið skuli á breiðum grundvelli með markmið, kennslu, og menntun í greininni og í kjölfarið yrði námsefnisgerð markvissari*. Mörg atriði í nefndarálitinu eru úrelt miðað við aðstæður á Íslandi í dag, en þrátt fyrir það er þar einnig að finna tillögur til framfara sem urðu því miður aldrei að veruleika. Tónmenntanefndin lauk störfum um það bil sem námsefnisvinnan hófst og var alla tíð sjálfstæð. Framkvæmdaráætlun náði fram til ársins 1980 og í kjölfarið tókst þrátt fyrir allt að semja og gefa út alls tæplega 50 einingar af námsefni, bókum og hlustunarefni á árunum 1970-1980 þegar Skólarannsóknardeild var sem virkust. Eftir það seig á ógæfuhliðina og mér er til efs að Námsgagnastofnun eða nokkurri annarri stofnun muni takast að gera betur en þetta.

Hér er lagt til að ný nefnd verði sett á laggirnar sem hefði svipuðu hlutverki að gegna og Tónmenntanefndin forðum. Fyrst og fremst er þörf á nýrri framtíðarsýn og áætlunum á breiðum grundvelli í dag, *því viðmiðanir verða að vera til staðar á hverjum tíma* hvar sem menn starfa í nafni tónlistarinnar. Stefnumótun þarf að koma fyrst, og út frá henni gætu námsefnishöfundar framtíðarinnar sótt styrk sinn til að vinna með tónlist fyrir unga nemendur. Námsefnisgerð þarf að hafa góðan bakhjarl svo hún verði ekki endalaust á hungurmörkunum.

Heimildaskrá:

Endurskoðun námsefnis og kennslu í tónmennt í barna- og gagnfræðaskólum. Ágúst 1972. Nefndarálit. Menntamálaráðuneytið Skólarannsóknadeild.

Bjarni Þorsteinsson. 1906 – 09. **Íslensk þjóðlög.** Carlsbergssjóðurinn. Kaupmannahöfn.

(Án titils) **Skráning efnisþátta fyrir námsefnisgerð fyrir 1. – 8. bekk í tónmennt.** 4 bls. Tillögur frá marz (19)77.

Jón Þórarinsson. 1962. **Stafróf tónfræðinnar: Kennslubók – Handbók.** Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík